

## **Skilmálar Sálfræðiþjónustu norðurlands, Salnor ehf. um persónuvernd**

### **Þjónusta Sálfræðiþjónustu Norðurlands er háð eftirfarandi skilmálum.**

Þegar þú notar vefsíðuna stofunnar eða kaupir þjónustu samþykkir þú þessa skilmála, vinsamlegast lestu vel yfir þá. Þú getur sent tölvupóst á [upplýsingar@salfraedithjonusta.is](mailto:upplýsingar@salfraedithjonusta.is) ef þú hefur spurningar um skilmálana. Sálfræðiþjónusta Norðurlands áskilur sér rétt til að breyta reglum og skilmálum án fyrirvara. Sálfræðiþjónusta Norðurlands er ábyrgðaraðili vinnslu persónuupplýsinga sem fram fer í tengslum við þjónustuna.

Þjónustan er rekin af Sálfræðiþjónustu Norðurlands, kt. 410218-0890, Hvannavöllum 14, 600 Akureyri og Langanesvegi 1, 680 Þórshöfn.

### **Notkunarskilmálar**

Með samþykki þessa skilmála veitir einstaklingur samþykki fyrir vinnslu á persónuupplýsingum.

### **Persónuupplýsingar sem safnað er:**

Sálfræðiþjónusta Norðurlands safnar og vinnur eftirfarandi persónugögn sem hægt er að tengja við þig:

- Upplýsingar um þig (Aðgangsupplýsingar) fela í sér eftirfarandi upplýsingar:
  - Nafn
  - Tölvupóst
  - Símanúmer
  - Kennitölu
- Heilbrigðisupplýsingar (Sjúkraskrá). Samkvæmt lögum um sjúkraskrár nr. 55/2009 skal heilbrigðisstarfsmaður sem fær sjúkling til meðferðar halda sjúkraskrá. Heilbrigðisupplýsingar eru upplýsingar sem verða til við meðferð sjúklings og heilbrigðisstarfsmanns.
- Greiðsluupplýsingar.  
Sálfræðiþjónusta Norðurlands sér hvorki né geymir kortaupplýsingar hjá sér. Kortaupplýsingar sem settar eru inn í hugbúnað KöruConnect í fjarþjónustu eru hýstar hjá greiðsluveitunni Stripe.

### **Meðhöndlun á persónugögnum**

Sálfræðiþjónusta Norðurlands notar persónuupplýsingar þínar eingöngu í þeim tilgangi að efna samning við þig um veitingu ÞJÓNUSTU og til að uppfylla lagaskyldu veitanda heilbrigðisþjónustu að halda sjúkraskrá um meðferðina.

Samkvæmt lögum um sjúkraskrár nr.55/2009 er óheimilt að eyða upplýsingum úr sjúkraskrá nema með samþykki landlæknis. Aðrar upplýsingar sem við geymum um þig eru geymdar eins lengi og nauðsyn ber til í þeim tilgangi sem þeirra var aflað. Einstaka upplýsingar geta verið geymdar lengur ef sérstakar reglur gilda t.d. skatta- eða bókhaldslög.

Sálfræðipjónusta Norðurlands getur notast við Köru Connect til að safna og geyma persónugögn. Persónugreinanlegar upplýsingar, ásamt öðrum gögnum, eru dulkóðaðar í gagnagrunni með 256 bita dulkóðun. Öll samskipti milli skjólstæðings og sérfræðings innan Köru eru dulkóðuð með SSL/TLS skírteini.

### **Tilgangur og heimild til vinnslu persónuupplýsinga**

Tilgangur með vinnslu persónuupplýsinga og heimildir til vinnslu til fyrrnefndra gagna er eftirfarandi:

- Vinnsla á upplýsingum um aðgangsorð og netfang eru nauðsynlegar til að beina skjólstæðingum í rétt aðgengi að sérfræðingi, geta haft samband við viðkomandi, sent út reikninga eða fylgt eftir meðferð. Heimildin er samþykki þess sem persónuupplýsingarnar eru um (hins skráða) fyrir vinnslunni í þágu eins eða fleiri tiltekinna markmiða.
- Vinnsla á heilsuupplýsingum (sjúkraskrá) er nauðsynleg til að skrá niður upplýsingar sem snúa að meðferðinni og framgangi meðferðar. Heimildin er samþykki þess sem persónuupplýsingarnar eru um (hins skráða) fyrir vinnslunni í þágu eins eða fleiri tiltekinna markmiða. Einnig veitendum heilbrigðisþjónustu skylt að halda sjúkraskrá og því er vinnsla nauðsynleg til að fullnægja lagaskyldu sem hvílir á þeim sem ákveður vinnsluna (ábyrgðaraðila).
- Vinnsla á greiðsluupplýsingum er nauðsynleg til að skjólstæðingar geti greitt fyrir þjónustu Sálfræðipjónustu Norðurlands ef og þegar við á. Heimildin er samþykki þess sem persónuupplýsingarnar eru um (hins skráða) fyrir vinnslunni í þágu eins eða fleiri tiltekinna markmiða.

### **Rekstur heilbrigðisþjónustu**

Sálfræðipjónusta Norðurlands er rekin með leyfi frá Embætti landlæknis. Veitendur heilbrigðisþjónustu hjá Sálfræðipjónustu Norðurlands eru með löggilt starfsleyfi frá Embætti landlæknis.

### **Skilmálar um greiðslu og afbókanir**

Greiðsla er innt af hendi eftir hvert viðtal og þeir sem eru skráðir í gegnum Köru Connect, þá er upphæð viðtalsins tekin út af kredit- eða debetkortinu sem var gefið upp við nýskráningu og

viðkomandi fær kvittun fyrir greiðslunni sem er að finna á heimasvæði hans. Mörg stéttarfélög taka þátt í kostnaði vegna þjónustu sem veitt ef af Sálfræðiþjónustu Norðurlands.

### **Greiðslumáti**

Hægt er að greiða með kreditkorti eða debetkorti í gegnum Köru Connect ef um fjarþjónustu er að ræða. Sálfræðiþjónusta Norðurlands hefur ekki aðgang að kortaupplýsingum kaupenda.

Hægt er að nálgast kvittun á heimasvæði þínu í Köru sem hægt er framvísa til stéttarfélaga vegna greiðsluþátttöku en sum stéttarfélög styrkja sína félagsmenn til að sækja veitta þjónustu.

### **Verð**

Öll verð eru í íslenskum krónum og eru verð og upplýsingar um þjónustu birt með fyrirvara um innsláttarvillur. Við áskiljum okkur rétt til verðbreytinga án fyrirvara.

### **Afbókanir**

Ef ekki er mætt í bókað viðtal er greitt forfallagjald, hálf verð uppgefins verðs.

Skjólstæðingur skal tilkynna forföll beint til þess fagaðila sem hann á bókaðan tíma hjá, henda hafi það verið útskýrt þegar viðtalið var bókað. Upplýsingar um forfallagjald og hvert skal tilkynna koma einnig fram í svörum í tölvupósti.

Ekki er hægt að tilkynna forföll í gengum hugbúnaðinn Kara connect.

### **Ábyrgð þín**

Þú berð ábyrgð á að muna eftir að mæta í viðtalstímann þinn en þú getur séð hvenær þú átt bókaðan tíma ef um fjarþjónustu er að ræða, á heimasvæðinu þínu á [karaconnect.com](http://karaconnect.com).

Þú berð sömuleiðis ábyrgð á því að þú hafir næði á meðan þú ert í viðtalstíma hjá sálfræðingnum þínum í gegnum myndfundabúnað og að netsamband þitt og tækjabúnaður sé nægilega góður.